

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Laugaráss nr. 277 1. júlí 1976.

5. gr. orðist þannig:

Gjöld fyrir dreifingu heita vatnsins eru sem hér segir:

1. Vatnsgjöld:

Garðyrkjustöðvar kr. 280.00 fyrir hvern mínútulítra á mánuði. Meðan hemlar eru ekki komnir á íbúðarhús garðyrkjubænda, og vatn, sem notað er til upphitunar þeirra, er tekið af því vatni, sem garðyrkjustöðin fær í heild, samkvæmt mælingu, skal þar að auki greiða fastagjald af íbúðarhúsum, kr. 20.00 á mánuði af hverjum rúmm.

Íbúðarhús, samkvæmt mælingu um hemil, kr. 1 400.00 fyrir hvern mínútulítra á mánuði.

Iðnaðarhús samkvæmt mælingu um hemil, kr. 700.00 fyrir hvern mínútulítra á mánuði.

2. Meðan hemlar eru ekki komnir á, áætlað hitaveitan vatnsnotkunina og skal vatnsgjaldið vera kr. 280.00 á mánuði af hverjum mínútulítra. Þar að auki skal greiða fastagjald, kr. 20.00 á mánuði af hverjum rúmm. íbúðarhúss og kr. 13.00 á mánuði af hverjum rúmm. iðnaðarhúss. Gjöldin miðast við utanmál húsa.
3. Gjöld fyrir heitt vatn til annarra nota, en að framan greinir, ákveður hitaveitunefnd hverju sinni með hliðsjón af gjaldskrá þessari.
4. Hitaveitunefnd er heimilt að ákveða hemlagjöld.
5. Gefa má hlutfallslegan afslátt af hitaveitugjöldum, ef notandi vill láta loka fyrir vatnið að vetri til, þó ekki fyrir skemmri tíma en 3 mánuði samfelt.

6. gr. orðist þannig:

Gjalddagar hitaveitugjalda samkv. 5. gr. eru sem hér segir:

Fyrir janúar—mars, 1. apríl. Fyrir apríl—júní, 1. júlí. Fyrir júlí—september, 1. október. Fyrir október—desember, 1. nóvember. — Gjöldin skal greiða til innheimtumanns hitaveitunnar, eða innheimtustofnunar, sem hann vísar til. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki greidd að fullu innan mánaðar frá gjalddaga. Séu gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari eigi greidd innan mánaðar frá gjalddaga, skal greiða hitaveitunni dráttarvexti af því, sem ógreitt er, talið frá og með gjalddaga. Dráttarvextir eru þeir sömu og hjá innlánsstofnunum sbr. 13. gr. laga nr. 10 frá 29. mars 1961 og ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma. Dráttarvextir reiknast með sama hætti og hjá innlánsstofnunum.

7. gr. orðist þannig:

Heimæðagjöld skulu vera sem hér greinir fyrir eina heimæð:

Hús allt að 300 rúmm. að utanmáli kr. 115 200.00.

Hús 300 rúmm. að utanmáli og stærri kr. 115 200.00 fyrir 300 rúmm. og kr. 192.00 af hverjum rúmm. þar fram yfir.

Heimæðagjöld gróðurhúsa skulu vera kr. 276 480.00 af sekl.

Heimæðagjald skal greiða þegar heimæð hefur verið lögð og áður en hún tengist hitakerfi hússins.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem samþykkt er af fulltrúum stjórnarnefndar Laugarásshéraðs og notenda í Laugarási er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. október 1978 og virtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 23. ágúst 1978.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Sauðárkróks nr. 113 3. apríl 1973
með síðari breytingum.

4. gr. orðist þannig:

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

Vatnsgjald allt að kr. 1 840.00 á mánuði fyrir hvern mínútulítra í hámarksstillingu hemils.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem samþykkt er af bæjarstjórn Sauðárkróks, er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. október 1978 og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 23. ágúst 1978.

F. h. r.

Páll Flygenring.

*Kristmundur Halldórsson.**

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Húsavíkur nr. 259 16. júní 1977.

4. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

- a) Fastagjald kr. 900.00 á mánuði fyrir hvern aðalhemil.
- b) Vatnsgjald kr. 1 995.00 á mánuði fyrir hvern mínútulítra í hámarksstillingu hemils.

Á gjöld þessi leggst söluskattur skv. gildandi reglum á hverjum tíma.